

Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Sjöundi fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 25.febrúar 2021. Fundur hófst kl. 14:00.

Fundinn sátu: Freyja Pétursdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytis og Steinar Kaldal f.h. umhverfis-og auðlindaráðuneytis. Forföll boðuðu Birgir Gunnarsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Þuríður Yngvadóttir og Rúnar Leifsson.

Þetta gerðist:

1. Skilmálar og þriggja mánaða auglýsing

Rennt var yfir lokadrög skilmála og farið yfir upplýsingar um þriggja mánaða umsagnarferlið sem hófst daginn eftir fundinn. Tilkynnt var að Umhverfisstofnun hyggðist senda dreifibréf til íbúa Vestfjarða með upplýsingum um málið.

2. Mörk svæðis

Farið var yfir uppfært kort af tillögu að mörkum þjóðgarðs.

3. Skýrsla starfshóps

Rætt var um skýrslu starfshóps og að næstu skref hans væru að vinna að gerð skýrslunnar á meðan skilmálar væru í umsagnarferli.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 14:30.